



## Fundargerð

193. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 9. september 2015 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Skúli Björnsson og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Guðbjörg Björnsdóttir

### Dagskrá:

1. Samningar
2. Innkomin erindi
3. Skýrsla framkvæmdastjóra, verkstaða framkvæmda
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl 12:00

Gunnar Jónsson stýrði fundi.

### 1. Samningar

Framlagður undirritaður samningur við Tölvuteymi ehf. um afnot af fjarskiptalögnum HEF ehf. dags. 11. ágúst 2015 sem afgreiddur var á síðasta stjórnarfundi.

Framlögð undirrituð yfirlýsing dags 25. ágúst 2015 við eiganda og ábúanda jarðarinnar Vallanes um vatnsból.

Stjórn fagnar því að þessi yfirlýsing liggi fyrir og felur framkvæmdastjóra að láta yfirlýsingu hönnuð, gera samninga við notendur og undirbúa framkvæmdina.

### 2. Innkomin erindi

- Breyting á aðalskipulagi vegna Ylstrandar sem HEF gerði athugasemd við um girðingu og var orðið við þeim athugasemdum.
- Sýnataka 21.7.2015 í Eyvindará- tölvupóstur frá HAUST. Niðurstaðan er ekki ásættanleg og þarf að leita að orsökinni. Það virðast vera ennþá rangar tengingar í regnvatnslögnum. Framkvæmdastjóra



falið að hefja vinnu við leita uppi vandamálið. Eins voru ræddar hugmyndir um hvaða kostir væru fyrir hendi um að leysa fráveitumálin til framtíðar. Ákveðið að hefja vinnu við að skoða tæknilegar og kostnaðarlegar útfærslur á hreinsunarmálum til framtíðar.

### 3. Skýrsla framkvæmdastjóra, verkstaða framkvæmda

- Lokafundur vegna framkvæmda við lagningu stofnlagnar yfir nesið. Verkið er búið, kostnaður varð undir áætlun og eru framkvæmdastjóri og stjórn mjög ánægð með vinnu verktakans.
- Viðgerð á bilun á vegamótum Selás – Tjarnarbraut verður frestað til föstudags.
- Framkvæmdastjóri fór yfir ýmis mál varðandi ýmis samskipti vegna vatnsleysis og tengivinnu í hitaveitu.
- Byrjað verður á 8 mánaða uppgjöri í næstu viku.
- Uppfærsla á Vigorkerfinu verður gerð á morgun.
- Framkvæmdastjóri fór yfir starfsmannamál.

### 4. Önnur mál

- a) Umræða um málefni Skógarorku ehf.
- b) Gunnhildur spurði um frágang eftir framkvæmdir við Hettuna. Framkvæmdastjóri fór yfir feril verksins.
- c) Launamál framkvæmdastjóra sem var á dagskrá síðasta fundar og formanni og varaformanni var falið ræða við framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri víkur af fundi kl13:56. Formanni falið að vinna málið áfram.
- d) Næsti reglulegi fundur verður 23. september 2015 .

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 14:32

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson